



Skorradalshreppur

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 Borgarnesi

2309002 SÓÁ

Umsögn

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037

Á 192. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 18.8.2025 var fjallað um endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037 (ASK B). Endurskoðunin er í auglýsingu frá 24.6.2025 til 28.8.2025 á Skipulagsvefsjá, sjá slóð: <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/242>.

Málinu var frestað á 190. fundi nefndarinnar. Búið er að yfirlara áætlunina til samræmis við gildandi Aðalskipulag Skorradalhrepps 2010-2022 (ASK S). Nefndin bendir á eftirfarandi varðandi sveitarfélagsupprátt ASK B:

1. Eiríksvatn er ekki sýnt í ASK B.
2. Skorradalsvegur (508) er einnig skilgreindur í ASK S sem göngu- og reiðleið upp úr framdal Skorradals en í ASK B er vegurinn einungis skilgreindur sem reiðleið. Áætlanir sveitarfélaganna eru því ekki í samræmi við hvor aðra.
3. Í landi Hálsa er skilgreindar 3 göngu- og reiðleiðir sem ættu að þvera sveitarfélagsmörkin yfir í Hestsland í Borgarbyggð. Í Borgarbyggð er ein þeirra skilgreind sem reiðleið en ekki gönguleið og á hinum tveimur stoppa leiðirnar á sveitarfélagsmörkum og halda ekki áfram inn í Borgarbyggð.
4. Skilgreind gönguleið meðfram Andakílsá í ASK B er andmælt þar sem um er að ræða laxveiðiá.

Vinnslutillaga var til auglýsingar skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslag 123/2010 frá 26.9.2024-14.11.2024. Nefndin vill áréttu athugasemdir sínar sem gerðar voru þá og snérust þær að legu sveitarfélagamarka sem liggja að Skorradalshreppi. Rétt er að styðjast við þinglýst gögn jarðamarka og vinnu Gylfa Más Guðbergssonar frá 1996 er varðar skráningaráblöð jarða og annarra landareigna. Enn fremur er bent að Skorradalsvegur (F508) er flóttaleið sem liggur austur út úr Skorradalshreppi og mikilvægt að hugað sé að því við gerð Aðalskipulags Borgarbyggðar. Í svari skipulagsnefndar Borgarbyggðar við athugasemdum Skorradalshrepps á bls. 4 merkt A.11, sjá á eftirfarandi slóð:

<https://skipulagsgatt.is/files/9c99341f-56e6-47b3-892a-582a347687d7> er vísað í að verið sé að ræða mörkin á þessu svæði. Oddviti og formaður skipulags- og byggingarnefndar kannast ekki við að samtal sé í gangi á milli sveitarfélaganna varðandi sveitarfélagamörk, en munu fagna því mjög ef vilji er fyrir sliku samtali.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Hvanneyri 18. ágúst 225
Virðingarfyllst,

Sigurðborg Ósk Askelsdóttir
skipulagsfulltrúi